

# STARFSLEYFI

## Orka náttúrunnar ohf.

Meðhöndlun asbestos í Nesjavallavirkjun

**Nesjavallavirkjun, fastanr. F2209654**

**805 Selfoss**

kt. 471119 0830

Nafn og kt. rekstraraðila:

**Orka náttúrunnar ohf., kt. 471119 0830**

Heimilisfang:

**Bæjarháls 1, 110 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 26. janúar 2022**

**Gildir til: 26. janúar 2034**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:**

**Fyrir Orku náttúrunnar ohf. fyrir meðhöndlun asbestos í Nesjavallavirkjun  
dags. 26. janúar 2022**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

**Heilbrigðiseftirlit Suðurlands**

Austurvegi 65a, 800 Selfoss      kt. 480284 0549      Sími 480 8250

**Selfossi, 26. janúar 2022**

*Stella Hrönn*

**Stella Hrönn Jóhannsdóttir**  
heilbrigðisfulltrúi



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## fyrir meðhöndlun asbestos í Nesjavallavirkjun

**Orka náttúrunnar ohf.**

kt. 471119 0830

**Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík**

### 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir meðhöndlun asbestos innan athafnasvæðis Nesjavallavirkjunnar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1.5 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.

1.6 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða staðsetning breytist. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.



- 1.7 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.8 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.9 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 2. MEÐHÖNDLUN ASBESTS

- 2.1 Fara skal að ákvæðum reglugerðar nr. 430/2007 um bann við noktun asbestos á vinnustöðum þegar unnið er með astbest.
- 2.2 Eftir því sem við á gilda ákvæði þessara starfsleyfisskilyrða, fái starfsleyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta fyrirhugaðrar framkvæmdar eða framkvæmdina í heild.
- 2.3 Aðilar sem vinna með asbest á vegum starfsleyfishafa skulu hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
- 2.4 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti í hvert sinn sem farið er í verkefni sem felur í sér vinnu við asbest.
- 2.5 Áður en verk er hafíð skal liggja fyrir heimild Vinnueftirlitsins til verksins og eftir því sem við á bygginga- eða framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé verkið bygginga- eða framkvæmdaleyfisskylt, og úttekt heilbrigðisfulltrúa sem eftir atvikum hefur eftirlit með framkvæmdinni og/eða gerir úttekt að henni lokinni.
- 2.6 Við meðhöndlun asbestos og vörur sem innihalda asbest skal nota vinnuaðferðir og verkfæri sem hafa sem minnsta rykmyndun í för með sér. Verkfæri sem valda rykmengun við notkun skulu útbúin með afkastamiklu innbyggðu afsogi. Ekki er heimilt að nota háþrýstisprautun við asbestvinnu.
- 2.7 Svæði þar sem unnið er við niðurrif eða viðhald asbestos skal loka af á öruggan hátt fyrir óviðkomandi og setja upp viðvörunarskilti með eftirfarandi texta: „Varúð! Asbestvinna, óviðkomandi bannaður aðgangur.“

Þar sem hætta er á mikilli astbestmengun skal loka viðkomandi svæði af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbestryki inn á annað svæði. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan lofræstan gang. Fjarlægja skal ryk af þeim stað sem það myndast á með vélknúinni lofræstingu. Óheimilt er að endurnýta afsogsloft frá viðkomandi svæði.



- 2.8 Vinnusvæði skal þrífa vandlega bæði á meðan á vinnu við astbest stendur og sérstaklega í verklok. Þrif skulu, eftir því sem við á, fara fram með ryksugu með síu fyrir astbestryk.
- 2.9 Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir, halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum og flytja á förgunarstað í þéttum, lokaðum og merktum ílátum. Eingöngu er heimilt að flytja asbestúrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla slíkan úrgang.
- 2.10 Innan mánaðar frá verklokum, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um magn og lokaáfangastað asbestosúrgangsins ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.
- 2.11 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill.

### **3. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA**

- 3.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 3.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 26. janúar 2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrønn  
Stella Hrønn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

# Orka náttúrunnar ohf.

kt. 471119 0830

Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

vegna meðhöndlunar asbestos í Nesjavallavirkjun í Grímsnes- og Grafningshreppi.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 5. desember 2021 umsókn Benedikts Kristjáns Magnússonar, kt. 161189 3169, f.h. Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119 0830, um starfsleyfi fyrir meðhöndlun asbestos í Nesjavallavirkjun í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um er að ræða nýtt starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst 6. desember 2021 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Ekki var leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti vegna útgáfu starfsleyfisins þar sem um er að ræða afmörkuð verkefni innan athafnasvæðis Nesjavallavirkjunar sem felast í að fjarlægja pakkningar úr asbest úr röralögnum í gufuaðveitu virkjunarinnar.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.



Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir meðhöndlun asbestos innan athafnasvæðis Nesjavallavirkjunar á vegum Orku náttúrunnar ohf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 22. desember 2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 19. janúar sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Í 6. gr. samþykktar samþykktar nr. 1270/2021 fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 1. nóvember 2021, kemur fram að framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins sé heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. án þess að til formlegrar afgreiðslu heilbrigðisnefndar hafi komið, að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist við auglýst starfsleyfi.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út til 12 ára, í samræmi við ofangreint. Útgáfa starfsleyfisins verður kynnt á næsta fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 26. janúar 2022.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

*Stella Hrönn*  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi